Svava Björnsdóttir

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Í austursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning á nokkrum verkum listakonunnar Svövu Björnsdóttur. Þó Svava eigi ekki langan feril að baki hefur list hennar þegar vakið athygli, einkum vegna þess efnis sem hún hefur valið sér að vinna með.

Að loknu stúdentsprófi hélt Svava til Parísar, þar sem hún hugðist stunda listnám, en sneri þaðan aftur eftir tvö ár og lauk BA-námi við Háskóla Íslands. Að því loknu hélt hún til náms við Myndlistarakademíuna í München, þar sem hún stundaði nám á árunum 1978-84. Þar var hún m.a. undir handleiðslu þeirra Roberts Jacobsen og Eduardo Paolozzi, sem báðir eru meðal helstu jöfra höggmyndalistarinnar á þessari öld.

Paolozzi beindi fyrstur áhuga Svövu að pappír sem mögulegum efnivið í höggmyndir og síðan hefur hún að mestu unnið með það efni. Svava hefur haldið einkasýningar bæði hér á landi og erlendis, einkum í Þýskalandi, og verk hennar hafa verið á samsýningum víða um lönd. Svava var valin borgarlistamaður Reykjavíkur árið 1990 og má segja að þessi sýning tengist óbeint því starfsári, sem hún naut þá.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum getur að líta sex verk, öll unnin úr pappírsmassa. Vinnsluferlið er svipað og við gerð annarra verka, sem eru steypt í móti; helstu frávikin frá hefðum eru að listakonan vinnur frummyndina í létt frauðplast í stað leirs, þ.e. með skurði fremur en



Svava Björnsdóttir: Án titils. 1992

mótun, og síðan er liturinn oftast blandaður í pappírinn sem fer í steypumótið, en ekki lagður utan á verkið sem kemur úr mótinu.

Þessi munur á vinnuaðferðum er ekki nægur til að skýra það andrúmsloft, sem einkenna þessi pappírsverk Svövu. Efnið, sem kann að virðast auvirðilegt og vart til þess fallið að nota í fullgild listaverk, reynist hafa ýmislegt til að bera, sem hefðbundnari efni hafa ekki. Við nálæga skoðun er eðli efnisins ráðandi, hrörleiki þess og ójafnt gildi; úr fjarlægð verða formin meira ríkjandi, ásamt skynhrifum áferðarinnar.

Efnið er létt og því virðast verkin svífa út frá veggjum salarins, fremur en hanga á þeim. Það tekur vel við lit, þannig að hér má sjá verk, sem eru dimmblá, gulli slegin eða marmaralit, eftir því sem listakonunni kann að þykja henta hverju sinni. Efnið gerir einnig mögulega afar fjölbreytta áferð verkanna, sem nýtur sín best úr ákveðinni fjarlægð; svipur þeirra er allt frá því að minna á hörku steinsins, mýkt flauels eða ryð málmsins. Verk úr hefðbundnari efnum höggmynda (málmi, tré, steini) geta tæpast boðið upp á sömu fjölbreytni.

Einn er sá eiginleiki efnisins sem þó blundar ætíð í huga áhorfandans við skoðun verkanna, en hann snertir eðli tímans. Án sérstakra aðgerða munu þessi verk hrörna hratt og eyðast; þannig er hverfulleiki lífsins og eðlileg hrörnun alls efnis sterkur hluti af þeim verkum, sem Svava skapar á þessari sýningu.

Það eykur enn á dulúðina og tilvísun verkanna til eðlis lífsins, að þau eru öll hylki af einni gerð eða annarri. Sú innilokun sem felst í þessu minnir um margt á tilurð lífsins, eggið og aðrar lokaðar, hlýjar og dimmar ímyndir upphafsins. Þó að formrannsóknir virðist vera helsta viðfangsefni listakonunnar hér sem fyrr getur það tæpast verið tilviljun að hún hafi að þessu sinni valið að sýna nær eingöngu verk sem tengjast þessum minnum.

Uppsetning sýningarinnar veldur nokkurri undrun og virðist vannýta möguleika salarins og einstakra verka. Verkin sex eru öll sett upp á einn vegg, í sömu hæð, í jafnri röð, en að öðru leyti er salurinn auður. Þessi uppsetning vinnur gegn áhrifum einstakra verka, sem geta auðveldlega staðið sér, t.d. í mismunandi hæð, til að auka sjónhrif áhorfandans. Hinir auðu veggir salarins skilja eftir tómleikatilfinningu sem rýra minningu verkanna sjálfra.

Fyrir sýninguna hefur verið unnin vegleg sýningarskrá, þar sem má finna fróðlega ritgerð um listakonuna og vinnuaðferðir hennar; slíkt framtak er til fyrirmyndar á boðssýningum sem þessum. Ljósmyndirnar í skránni sýna hins vegar verkin (sem eru tiltölulega jöfn að stærð) frá mismunandi sjónarhornum og misstór, sem kann að virka villandi. Auk þess eru þarna ljósmyndir af fleiri verkum, sem ekki hafa ratað á sýninguna af einhverjum orsökum; hví eru þær þá í skránni (sem ætti eðli málsins samkvæmt að vera heimild um sýninguna, en ekki annað)?

Verk Svövu Björnsdóttur eru afar sérstök og formrannsóknir hennar í þessu efni hafa eignast marga aðdáendur hér á landi og víðar. Listakonan er í starfi sínu að þenja út mörk höggmyndalistarinnar og það er ávallt áhugaverk að fylgjast með framgangi þeirra listamanna sem þannig leggja sitt af mörkum í listalífinu.

Sýning Svövu Björnsdóttur í austursal Kjarvalsstaða stendur til sunnudagsins 16. maí.

Linda Vilhjálmsdóttir



Linda Vilhjálmsdóttir

Ljóðasýningar hafa nú í nokkur misseri verið fastur hluti af sýningardagskrá Kjarvalsstaða og hefur það orðið til að auka gildi Kjarvalsstaða sem menningarmiðstöðvar fyrir Reykjavík. Hins vegar hafa þessar ljóðasýningar tekist misvel vegna þess hversu erfitt hefur reynst að finna ljóðunum þann sjónræna vettvang sem hentar þeim á þessum stað. Eftir því sem sýningarnar hafa orðið fleiri hefur uppsetning þeirra þó batnað, þannig að hin sjónræna reynsla áhorfandans/lesandans/hlustandans hefur orðið jafnmikilvægur hluti ljóðasýningarinnar og orð skáldsins.

Nú stendur yfir í vesturgangi Kjarvalsstaða sýning á ljóðum ungrar skáldkonu, Lindu Vilhjálmsdóttur. Hún hefur sent frá sér tvær ljóðabækur, Bláþráð (1990) og Klakabörnin (1992). Ljóðin á sýningunni eru að mestu fengin úr þessum tveimur bókum.

Fyrirkomulag sýningarinnar að þessu sinni er nýstárlegt og það gerir nokkrar kröfur til forvitni og einbeitingar sýningargesta. Þeim sem eru vanir alvarlegra umhverfi fyrir ljóðið kann að finnast þetta vanvirða, en aðrir munu líklega sjá hér nýtt samhengi fyrir innihald ljóðanna.

Hið fyrsta sem menn reka augu í er sjálfsali á vegg, þar sem kaupa má ljóð í lausasölu; þannig eru ljóðið sett í svipað samhengi og sígarettur, sælgæti eða smokkar, sem hægt er að kaupa í líkum vélum. Það er ekki oft sem ljóð er þannig gert að söluvöru, en þessi vél bendir kankvíslega á að ljóðið er afurð mannshugans og getur þannig verið markaðsvara eins og hvað annað.

Næst ber að nefna ljósaborða, þar sem ljóðin renna í gegn líkt og fréttaskeyti. Slíkir borðar tengjast oftast fréttum, því sem er að gerast í augnablikinu, í hraða dagsins. Það er ákveðin kaldhæðni að setja ljóð, sem er ætlað að vera hugskot, andstætt daglegu amstri, í slíkt samhengi.

Mest áberandi þáttur sýningarinnar er þó fimm sjónvarpsskjáir. Þar ganga myndbönd, sem sýna fimm kunnuglegar konur (þulur Ríkissjónvarpsins) lesa upp nokkur ljóð Lindu. Þarna er að finna góðan og skýran upplestur, sem beinir athyglinni að einföldum lýsingum ljóðanna, skýrleika þeirra og myndrænum tilvísunum. Myndbandið gengur nokkuð á víxl á skjáunum fimm, þannig að með nokkru millibili má heyra sama ljóðið lesið upp á mörgum skjám, og verður þessi aðferð til þess að styrkja hin stuttu ljóð Lindu og auka kraft þeirra.

Hér er á ferðinni ein best heppnaða ljóðasýning Kjarvalsstaða til þessa og er rétt að hvetja gesti staðarins til að staldra við stundarkorn og njóta ljóðlistarinnar.

Sýningin á ljóðum Lindu Vilhjálmsdóttur á Kjarvalsstöðum stendur, líkt og aðrar sýningar sem þar eru nú uppi, til sunnudagsins 16. maí.

MAZDA 121
Nýr STÓR-skemmtilegur lítill bíll!

Okkur er mikil ágægja að kynna nýjan bíl; **MAZDA 121,** sem skarar fram úr öðrum smábílum á flestum sviðum:

- Aflmikil 1300 cc vél með 16 ventlum, beinni innspýtingu og mengunarvörn.
- Meira rými fyrir höfuð og hné en í sambærilegum bílum - hentar vel nýrri kynslóð hávaxinna Íslendinga !
- Slaglöng og þýð gormafjöðrun á öllum hjólum.
- Léttur og lipur í umferðinni - hægt að leggja honum næstum hvar sem er.

Því ekki að kynnast **MAZDA 121** af eigin raun? Við bjóðum ykkur að koma, skoða og ***reynsluaka*** þessum frábæra bíl, ásamt öðrum gerðum af MAZDA.



RÆSIR HF
SKÚLAGÖTU 59, REYKJAVÍK S. 61 95 50

Auglýsingastofan hf.



Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!
Morgunblaðið

